

Siðareglur ÖBÍ

Við í ÖBÍ erum með ýmsar reglur.

Reglurnar eru til að bæta:

- hvernig við vinnum í ÖBÍ
- hvernig við tölum saman í ÖBÍ.

Reglurnar skipta máli fyrir:

- ÖBÍ

Til dæmis:

- stjórn ÖBÍ
- málefna-hópa ÖBÍ
- starfsfólk ÖBÍ
- fólk sem vinnur með ÖBÍ.

Til dæmis:

- á fundum
- í vinnuhópum
- í nefndum.

Hér er sagt frá:

- Leiðarstefjum ÖBÍ

- Siðareglum ÖBÍ
- Vinnureglum siðanefndar ÖBÍ

Leiðarstef ÖBÍ

Leiðarstef ÖBÍ eru leiðbeiningar fyrir okkur.

Leiðarstef ÖBÍ eru 10:

1. Aðildarfélögin er mikilvægust.

Aðildarfélag er: félag sem er hluti af stærra félagi.

ÖBÍ er stóra félagið.

Í ÖBÍ eru 43 **aðildarfélög**.

Til dæmis:

- Félag heyrnarlausra
- Einhverfu-samtökin
- HIV Ísland.

Þetta leiðarstef þýðir:

ÖBÍ vinnur fyrir **aðildarfélögin**.

2. Gildi ÖBÍ

Við í ÖBÍ höfum 3 gildi:

- Þátttaka
 - Allir eiga rétt á að vera með í ÖBÍ.
- Jafnræði
 - Allir eru jafnir í ÖBÍ.
- Ábyrgð
 - Fólk ber ábyrgð á því sem fólk gerir í ÖBÍ.

3. Valdefling og velferð

Valdefling þýðir:

- Við hjálpum fólki að hafa áhrif.
- Við hjálpum fólki að segja sína skoðun.

Velferð þýðir:

- Við þössum að fólki líði vel.
- Við hjálpum fólki að ganga vel.

4. Samvinna

Við vinnum með öllum sem geta hjálpað ÖBÍ.

Við vinnum með öllum sem ÖBÍ getur hjálpað.

5. Opinn hugur

Við erum opin fyrir nýjum hugmyndum.

Við komum með nýjar hugmyndir.

Við prófum nýja hluti.

6. Virðing

Við sýnum fólki virðingu.

Við tölum fallega við fólk.

Við skrifum fallega um fólk.

7. Hvað er best fyrir ÖBÍ?

Við hugsum um hvað er best fyrir ÖBÍ.

Við hugsum um hvað er best fyrir alla.

Við hugsum **ekki**: „Hvað er best fyrir mig?“

Við hugsum **ekki**: „Hvað er best fyrir fólk sem ég þekki?“

8. Réttar upplýsingar

Við þösum að nota réttar upplýsingar.

Sérstaklega þegar við ákveðum eitthvað.

Við segjum hvar við fengum upplýsingarnar.

9. Trúnaður og traust

Við treystum fólki.

Við pössum upp á trúnað.

Það þýðir: Við segjum **ekki** frá leyndarmálum.

10. Reglur

Við förum eftir reglum um hvernig við eigum að vinna.

Við hlustum á allar skoðanir.

Við förum eftir því sem við ákveðum saman.

Siðareglur ÖBÍ

1. Um siðareglur ÖBÍ

Þetta eru siðareglur ÖBÍ.

Siðareglur ÖBÍ segja hvernig fólk á að vinna í ÖBÍ.

Reglurnar eru fyrir:

- starfsfólk ÖBÍ
- stjórn ÖBÍ
- fulltrúa ÖBÍ

til dæmis:

- fólk í nefndum ÖBÍ
- fólk í málefna-hópum ÖBÍ
- fólk í stýrihópum ÖBÍ.
- fólk sem vinnur verkefni fyrir ÖBÍ.

Siðareglur ÖBÍ segja **ekki** allt.

Við þurfum líka að hugsa sjálf.

Til dæmis:

- Hvernig vinn ég vel?
- Hvað er rétt að gera?
- Hvernig sýni ég virðingu?

2. Lög og reglur

Við förum eftir lögum.

Við förum eftir reglum.

Við förum líka eftir því sem ÖBÍ hefur ákveðið.

Til dæmis:

- stefnu ÖBÍ
- öðrum ákvörðunum ÖBÍ.

Við hugsum um hvað er best fyrir ÖBÍ.

Við hugsum **ekki** um hvað er best fyrir okkur sjálf.

Við hugsum **ekki** um hvað er best fyrir einhvern einn.

3. Samskipti

Við viljum góð samskipti í ÖBÍ.

Þess vegna vöndum við okkur í samskiptum.

Stundum þurfum við aðstoð.

Þá fáum við aðstoð.

Svona vöndum við okkur í samskiptum:

- Við erum kurteis við fólk.
- Við sýnum fólki virðingu.

- Við tökum tillit til fólks.
- Við dæmum **ekki** aðra.
- Við virðum að fólk er mismunandi.

Til dæmis:

- Sumt fólk er fatlað.
- Fólk er fatlað á mismunandi hátt.
- Fólk hefur mismunandi stöðu í samfélaginu.
- Fólk hefur mismunandi trú.
- Fólk er frá alls konar löndum.
- Fólk lítur mismunandi út.
- Fólk hefur mismunandi kynhneigð.
- Fólk er af mismunandi kyni.
- Við pössum að hópar séu jafnir.

Til dæmis:

- mismunandi hópar fatlaðs fólks
- mismunandi hópar sjúklinga.
- Við vöndum okkur þegar við:
 - tölum
 - skrifum
 - komum fram.
- Við förum eftir reglum.
- Við mætum á réttum tíma.

- Við tölum um það sem á að tala um.

Til dæmis á fundi sem fjallar um ákveðið mál.

Þá tölum við **ekki** um önnur mál.

- Við hlustum á mismunandi skoðanir.

- Við tölum um málin.

- Við leyfum fólki að ákveða sjálft.

- Við hlustum á það sem fólk segir.

Líka þegar það er óþægilegt.

- Við grípum ekki fram í.

- Við pössum að allir fái að tala.

- Við leyfum fólki að klára að tala.

- Við biðjum fólk um að segja hlutina aftur.

Til dæmis þegar:

- Við heyrum **ekki** hvað fólk segir.

- Við skiljum **ekki** hvað fólk segir.

- Við leyfum fólki að tjá sig eins og það vill.

Til dæmis með táknmáli.

- Við tölum beint við fólk.

Það þýðir að við tölum **ekki** við:

- túlkinn

- aðstoðarmanneskjuna

- Við segjum hvað okkur finnst.

Við þössum samt að særa **ekki** aðra.

- Við spyrjum spurninga.
- Við segjum frá því sem við vitum.

Athugið: Samt segjum við **ekki** frá leyndarmálum.

- Við kennum það sem við kunnum.

4. Ofbeldi

Við beitum **ekki** ofbeldi.

Ofbeldi getur verið:

- Einelti

Til dæmis: Að tala illa um einhvern.

- Kynferðisleg áreitni

Til dæmis: Að segja eitthvað óviðeigandi.

- Andlegt ofbeldi

Til dæmis: Að segja eitthvað til að særa viljandi.

- Líkamlegt ofbeldi

Til dæmis: Að gera eitthvað til að meiða viljandi.

5. Peningar

Við förum vel með peninga ÖBÍ.

Við förum eftir fjárhags-áætlun.

Í fjárhags-áætlun stendur í hvað má nota peninga ÖBÍ.

Sérstakir starfsmenn skoða hvernig við notum peninga ÖBÍ.

Við hjálpum þessum starfsmönnum.

6. Gjafir

Stundum fáum við gjafir.

Gjafir geta verið:

- hlutir
- peningar
- fríðindi.

Til dæmis:

- afsláttur
- þjónusta.

Þegar við fáum gjafir þurfum við að hugsa:

Er gjöfin eins og borgun fyrir hjálp?

Er svarið já?

Þá megum við **ekki** fá gjöfina.

7. Fjölmiðlar

Oftast talar formaður ÖBÍ við fjölmiðla.

Stundum ákveðum við að einhver annar tali við fjölmiðla.

Þegar við tölum við fjölmiðla:

- förum við eftir stefnu ÖBÍ
- förum við eftir Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
- segjum við satt
- segjum við bara það sem við vitum að er rétt
- pössum við upp á trúnað.

Það þýðir: Við segjum **ekki** frá leyndarmálum.

8. Kynning og breytingar

Við segjum nýju fólki í ÖBÍ frá siðareglunum.

Formaður ÖBÍ getur gert það.

Framkvæmdastjóri ÖBÍ getur líka gert það.

Stjórn ÖBÍ talar um siðareglur ÖBÍ einu sinni á ári.

Stjórn ÖBÍ getur breytt siðareglum ÖBÍ.

9. Þagnarskylda

Við fáum alls konar upplýsingar á fundum.

Sumar upplýsingarnar eru trúnaðar-upplýsingar.

Trúnaðar-upplýsingar eru upplýsingar sem enginn annar má vita.

Það þýðir: Trúnaðar-upplýsingar eru leyndarmál.

Þagnarskylda þýðir: Við segjum **ekki** frá leyndarmálum.

Þagnarskyldan hættir aldrei.

Ert þú hættur:

- að vinna hjá ÖBÍ?
- í málefna-hóp ÖBÍ?
- í stjórn ÖBÍ?

Samt þarft þú að virða þagnarskylduna.

Þú getur lesið siðareglur ÖBÍ á heimasíðu ÖBÍ.

Heimasíða ÖBÍ er www.obí.is.

[Smelltu hér](#) til að lesa siðareglur ÖBÍ.

10. Siðanefnd ÖBÍ

Siðanefnd ÖBÍ er hópur fólks.

Hópurinn skoðar hvort fólk fari eftir siðareglum ÖBÍ.

Formaður ÖBÍ velur formann siðanefndar ÖBÍ.

Stjórn ÖBÍ velur 2 manneskjur í hópinn.

Siðanefndin getur fengið aðstoð.

Til dæmis frá sérfræðingum.

Er einhver að brjóta siðareglur ÖBÍ?

Þá getur þú látið vita.

Þú getur haft samband við:

- framkvæmdastjóra ÖBÍ
- formann ÖBÍ
- öryggis-trúnaðarmann ÖBÍ
- siðanefnd ÖBÍ.

Siðanefnd ÖBÍ skoðar þá málið.

Svo skrifar siðanefnd ÖBÍ niðurstöðu.

Í niðurstöðunni stendur:

- hvort manneskjan braut siðareglur ÖBÍ
- hversu alvarlegt brotið er
- hvort manneskjan hafi áður brotið siðareglur ÖBÍ.

Siðanefnd ÖBÍ býr til vinnureglur.

Siðanefnd ÖBÍ fer eftir vinnureglum siðanefndar ÖBÍ.

Vinnureglur siðanefndar ÖBÍ eiga að fylgja siðareglum ÖBÍ.

Stjórn ÖBÍ samþykkti siðareglur ÖBÍ 20. maí 2021.

Stjórn ÖBÍ breytti siðareglum ÖBÍ 9. desember 2021.

Vinnureglur siðanefndar ÖBÍ

1. Siðanefnd

Siðanefnd ÖBÍ fer eftir siðareglum ÖBÍ.

Hvernig er valið í siðanefnd ÖBÍ?

Formaður ÖBÍ velur formann siðanefndar ÖBÍ.

Stjórn ÖBÍ velur svo 2 manneskjur í siðanefnd ÖBÍ.

Þessar manneskjur eru 3 ár í siðanefnd ÖBÍ.

Hvað gerir siðanefnd ÖBÍ?

Siðanefnd ÖBÍ skoðar hvort fólk hafi brotið siðareglur ÖBÍ.

Siðanefnd ÖBÍ ákveður hvort fólk hafi brotið siðareglur ÖBÍ.

Braut enginn siðareglur ÖBÍ?

Þá hættir siðanefnd ÖBÍ að skoða málið.

Siðanefnd ÖBÍ lætur fólkið í málinu vita um niðurstöðuna.

Braut einhver siðareglur ÖBÍ?

Þá skoðar nefndin hversu alvarlegt brotið er.

Nefndin skoðar líka hvort manneskjan hafi áður brotið siðareglur ÖBÍ.

Siðanefnd ÖBÍ lætur fólkið í málinu vita um niðurstöðuna.

Siðanefnd ÖBÍ skoðar bara mál sem fólk sendir siðanefnd ÖBÍ.

Stundum semur fólkið í málinu.

Þá gerir siðanefnd ÖBÍ **ekki** neitt.

Formaður siðanefndar ÖBÍ skrifar hvað gerist á fundum siðanefndar ÖBÍ.

Formaður skrifar til dæmis um:

- kvartanir sem siðanefnd ÖBÍ fær
- hvernig siðanefnd ÖBÍ skoðar mál

- hvað siðanefnd ÖBÍ ákveður að gera í málum.

Stundum má fólk í siðanefnd ÖBÍ **ekki** skoða mál.

Til dæmis ef það þekkir fólkið í málinu vel.

Það eru sérstakar reglur um hvenær fólk í siðanefnd ÖBÍ má skoða mál.

Siðanefnd ÖBÍ má biðja sérfræðinga um ráð.

2. Hver má koma með mál

Siðanefnd ÖBÍ skoðar mál sem koma frá:

- fólki sem finnst einhver í ÖBÍ hafa brotið siðareglur gegn sér
- fólki í ÖBÍ sem sér einhvern í ÖBÍ brjóta siðareglur.

Heldur þú að einhver hafi brotið siðareglur ÖBÍ?

Þá skalt þú láta siðanefnd ÖBÍ vita strax.

Þú lætur siðanefnd ÖBÍ vita með því að senda siðanefnd ÖBÍ bréf.

Þú mátt líka senda tölvupóst.

Þú þarft að skrifa nafnið þitt undir bréfið.

Stundum ákveður siðanefnd að segja **ekki** hver skrifaði bréfið.

Í bréfinu þarf að standa:

- hvað gerðist
- hvaða siðaregla var brotin.

Með bréfinu þarf að senda eitthvað sem sýnir að siðareglur voru brotnar.

Fyrst skoðar siðanefnd ÖBÍ hvort málið tengist siðareglum ÖBÍ.

Tengist málið siðareglum ÖBÍ?

Þá skoðar siðanefnd ÖBÍ málið.

Tengist málið **ekki** siðareglum ÖBÍ?

Þá skoðar siðanefnd ÖBÍ **ekki** málið.

Siðanefnd ÖBÍ skoðar heldur **ekki** mál þar sem:

- manneskjan sem sendi inn málið er að ljúga
- er betra að dómstólar skoði.

Til dæmis þegar málið er lögbrot.

3. Hvernig skoðar siðanefnd ÖBÍ mál?

Fyrst lætur siðanefnd ÖBÍ manneskjuna sem málið snýst um vita.

Þá fær manneskjan tíma til að segja sína hlið.

Siðanefnd ÖBÍ skoðar hvort siðanefnd ÖBÍ þurfi meiri upplýsingar.

Siðanefnd ÖBÍ getur talað við fólk til að fá upplýsingar.

Siðanefnd ÖBÍ getur líka fengið fólk á fund til að svara spurningum.

Siðanefndin skrifar niður mikilvægar upplýsingar.

Fólkið í málinu þarf að samþykkja það sem er skrifað niður.

Stundum tekur siðanefnd ÖBÍ upp fundi.

Það má bara ef fólkið á fundinum leyfir.

Áður en siðanefnd ÖBÍ tekur ákvörðun fær fólkið í málinu að:

- segja sína skoðun
- skoða öll gögn.
- vita hvað aðrir segja.

Hvað gerist þegar fólk skilar **ekki** gögnum?

Þá getur siðanefnd ÖBÍ samt tekið ákvörðun.

Líka þegar fólk segir **ekki** sína skoðun.

Þá notar siðanefnd ÖBÍ bara upplýsingarnar sem hún hefur.

Það gerist bara ef upplýsingarnar eru nógu góðar.

Eru upplýsingarnar **ekki** nógu góðar.

Þá getur siðanefnd ÖBÍ hætt við málið.

4. Sátt

Stundum semur fólk um mál.

Það heitir: að gera sátt.

Þá getur siðanefnd ÖBÍ hætt að skoða málið.

Þá segir siðanefnd ÖBÍ **ekki** hvort einhver braut siðareglur ÖBÍ.

Þá er málið bara búið.

5. Niðurstaða

Er siðanefnd ÖBÍ búin að skoða málið?

Þá skrifar siðanefnd ÖBÍ niðurstöðu.

Siðanefnd ÖBÍ á að vera fljót að skrifa niðurstöðu.

Í niðurstöðunni stendur:

- hvort einhver braut siðareglur ÖBÍ
- hvernig siðanefnd ÖBÍ komst að niðurstöðu.

Braut einhver siðareglur ÖBÍ?

Þá skrifar siðanefnd ÖBÍ í niðurstöðuna:

- hvað brotið var alvarlegt
- hvort manneskjan hafi brotið siðareglur ÖBÍ áður.

Er fólkið í siðanefnd ÖBÍ **ekki** sammála?

Þá ræður meirihlutinn niðurstöðunni.

Siðanefnd ÖBÍ sendir niðurstöðuna til allra sem koma að málinu.

Siðanefnd ÖBÍ sendir niðurstöðuna líka til formanns ÖBÍ.

Það er **ekki** hægt að breyta niðurstöðu siðanefndar ÖBÍ.

Siðanefndin ákveður **ekki** refsingu.

Stjórn ÖBÍ samþykkti vinnureglur siðanefndar ÖBÍ í ágúst 2021.